

56. fundur stjórnar Skálholts,
haldinn í Skálholtsskóla fimmtudaginn 30. september 2010 kl. 10:30.

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerð síðusta fundar. Samþykkt.
2. Fjármál.
Lagt fram yfirlit yfir stöðuna til 30. september, eins og búið er að færa. Nokkur halli á rekstrinum og erfiðlega gengur að greiða skuld fyrri ára og húsaleigu þessa árs til Kirkjumálasjóðs. Áætlaðar tekjur af nýju Gestastofunni urðu minni en ráð var fyrir gert, þar sem opnun hennar drógst fram yfir miðjan júlí. Þá varð nokkurt tekjutap framan af sumri vegna eldgossins í Eyjafjallajökli
Ákveðið að rektor og framkvæmdastjóri skrifi greinargerð um stöðu mála og skili til stjórnar Skálholts.
Rætt um aðgerðir til að kynna Gestastofuna og aðra starfsemi í Skálholti, t.d með auglýsingaskiltum við þjóðveginn. Í undirbúningi er kynningarfundur, þar sem ferðaskrifstofuaðilum verður boðið að koma í Skálholt og skoða aðstæður.
3. Áætlun næsta árs.
Gert er ráð fyrir allt að 10% niðurskurði framlaga til Skálholts á næst ári.
Við því þarf að bregðst í fjárhagsáætlun. Ljóst er að ekki verður ráðist í neinar nýjar framkvæmdir, aðeins hægt að vinna við brýnustu viðhaldsverkefni. Varðandi endurbætur á gluggum Skálholtskirkju þá er það sérverkefni, sem ekki verður greitt af framlögum til Skálholts.
Vinna við áætlun fyrir 2011 þarf að fara í gang á næstu dögum.
Rector og framkvæmdastjóri hafa óskað eftir því að fá einhvern aðila til ráðgjafar um reksturinn.
4. Starfslýsingar starfsfólks í Skálholti.
Starfslýsingarnar hafa verið í endurskoðun og er því ferli lokið. Starfslýsingarnar samþykktar af báðum aðilum.
5. Önnur mál.
 - a. Organisti og sóknarprestur mættu til fundarins til að ræða framtíð Skálholtskórsins. Sækja þarf um nýja kennitölu til að hægt sé að stofna formlegan kór. Þá þarf kórinn að velja sér stjórn og gera sér lög. Þetta verður lagt fyrir stjórn Skálholts á næsta fundi og þá rætt um fjárframlag til kórsins. Þá leggur organisti fram tillögur og áætlun um það starf, sem framundan er hjá kórnum.
Ákveðið að boða fulltrúa sóknanna, ásamt sóknarpresti, til næsta fundar til viðræðna um samninginn, sem í gildi er milli Skálholtsstaðar og sóknanna.

Rætt um endurskoðun starfslýsingar organista. Óskað eftir tillögum frá honum. Jón ítrekaði beiðni sína um styrk til framhaldsnáms í orgelleik, sem hann bar fram á síðasta ári. Stjórnin óskar eftir skriflegri umsókn þar sem fram koma allar upplýsingar um kostnað, tímasetningar o.þ.h.

b. Vígslubiskup lagði fram bréf til Biskups Íslands, þar sem þess er farið á leit að fá heimild til að vígja Dr. Kristinn Ólason rektor til prestsvígslu til að sinna helgihaldi í Skálholti í samráði við vígslubiskup og sóknarprest, auk þess sem hann komi að aðstoðarþjónustu við sóknarprestinn í Skálholtsprestakalli, eftir samkomlagi þeirra. Stefnt að því að vígslan fari fram í Skálholtskirkju 24. október n.k.

Vígslubiskup, stjórnarmenn og sóknarprestur undirrituðu bréfið.

Næsti fundur stjórnar Skálholts verður haldinn 14. október n.k. kl. 10:30.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.15:00

Hólmfríður Ingólfssdóttir